# *TRISTIA*

Þórdís Gerður Jónsdóttir

sellóleikari

Svanur Vilbergsson

gítarleikari



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

þriðjudaginn 6. ágúst  2024  kl. 20:30

**Þórdís Gerður Jónsdóttir** sellóleikari hefur þá sérstöðu að leika jöfnum höndum sígilda tónlist og jazz. Sígildan sellóleik nam hún við Listaháskóla Íslands og í konunglega danska konservatoríinu í Árósum, en þaðan lauk hún meistaragráðu sumarið 2021. Þórdís lauk burtfararprófi frá jazzdeild Tónlistarskóla FÍH vorið 2015 en í náminu lagði hún áherslu á spuna og tónsmíðar.

Þórdís hefur leikið reglulega með Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 2018, hún var fastráðin þar veturinn 2021–22, og hefur verið í leikhúshljómsveitum Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins. Hún gaf út hljómplötuna *Vistir*, með hennar eigin jazz-tónsmíðum og útsetningum, vorið 2021. Undanfarið hefur Þórdís lagt sérstaka áherslu á að frumflytja á Íslandi sjaldheyrð eldri erlend verk, sem dæmi má nefna eitthundrað ára sónötu fyrir selló og píanó eftir Kurt Weill sem hún flutti ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur á Jazzhátíð Reykjavíkur í ágúst 2020 og í maí 2023 frumflutti hún á Íslandi þrjár svítur eftir Ernest Bloch.

Vorið 2014 lauk Þórdís námi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og viðbótardiplómu í lýðheilsuvísindum vorið 2019. Hún er nú í meistaranámi í bráðahjúkrun og starfar á bráðamóttöku Barnaspítala Hringsins á milli tónleika.

Að loknu námi við tónlistarskólana á Stöðvarfirði og Egilsstöðum nam **Svanur Vilbergsson** við King Edwards VI menntaskólann í Totnes á Englandi og útskrifaðist þaðan af tónlistar- og líffræðibraut árið 2001. Þá sótti hann einkatíma hjá Arnaldi Arnarsyni á Spáni áður en hann hóf nám hjá ítalska gítarleikaranum Carlo Marchione við Tónlistarháskólann í Maastricht og lauk þaðan B.Mus. gráðu. Meistaragráðu lauk hann vorið 2008 frá Konunglega Tónlistarháskólanum í Haag undir leiðsögn Enno Voorhorst. Hann hefur einnig sótt tíma hjá Sonju Prunnbauer í Freiburg.

Svanur hefur haldið einleikstónleika víða um heim, meðal annars í Bandaríkjunum, Hollandi, Spáni, Englandi, Belgíu og Írlandi. Spænska tónskáldið Mateu Malondra Flaquer hefur tileinkað honum verk fyrir sóló gítar og í febrúar 2014 frumflutti hann, ásamt Kammersveit Reykjavíkur, gítarkonsertinn Halcyon Days sem Oliver Kentish samdi og tileinkaði honum. Árið 2011 kom út fyrsti einleiksdiskur Svans sem kallast *Four Works* og hefur honum verið einkar vel tekið. Svanur er meðlimur í Íslenska Gítartríóinu, sem gaf út diskinn *Vistas* haustið 2020, og Stirni Ensemble sem hefur sérhæft sig í flutningi á íslenskri samtímatónlist. Svanur kennir meðal annars klassískan gítarleik við Menntaskólann í tónlist og er aðjúnkt við Listaháskóla Íslands.

*Efnisskrá*

| | | |
|---|---|---|
| Manuel de Falla<br>1876–1946 | *Svíta um spænsk þjóðlög*<br>1. El paño moruno<br>2. Nana<br>3. Canción<br>4. Polo<br>5. Asturiana<br>6. Jota | 1914 |
| Hafliði Hallgrímsson<br>f. 1941 | *Tristia*<br>1. Á í norður<br>2. Gegnsæja vor<br>3. Svefnþrungin fjöll<br>4. Öldur hafsins<br>5. Fyllt tíma og rúmi<br>6. Aldrei mun stjarna deyða<br>7. Kvöldflug yfir þögnina | 1984 |
| Radames Gnattali<br>1906–1988 | *Sónata fyrir selló og gítar*<br>1. Allegretto comodo<br>2. Adagio<br>3. Con spirito | 1969 |

**Þórdís Gerður Jónsdóttir** cellist plays equally classical music and jazz. She studied the classical cello at the Iceland Academy of the Arts and the Royal Academy of Music in Aarhus, Denmark and the jazz performance, with emphasis on composition and improvisation, with guitarist Hilmar Jensson. Þórdís has been a freelance cellist in the Iceland Symphony Orchestra since 2018 and has played in various productions in the Icelandic theatre. Lately she has been especially interested in playing older pieces that have never been performed in Iceland, such as Kurt Weill's sonata for cello and piano, and Ernest Bloch's suites for solo cello which she performed in 2023.

Þórdís is a registered nurse with a postgraduate degree in public health. She is currently doing her master degree in emergency nursing at the University of Iceland and she works part-time in a paediatric emergency room.

Guitarist **Svanur Vilbergsson**, one of Iceland's prominent classical guitar players, has performed in venues wide around the USA and Europe. Icelandic and Spanish composers have dedicated works to him and his first solo CD, *Four Works*, with compositions by Antonio José, Mauro Giuliani, J. S. Bach and Giulio Regondi, has received great acclaim. He is a member of Stirni Ensemble and The Icelandic Guitar Trio, both groups specializing in the performance of contemporary music.

Svanur holds a Bachelor's degree from the Maastricht Conservatory, where he studied the guitar with Carlo Marchione and chamber music with cellist Alexander Petrasch and violist Henk Guittart. Other teachers include Arnaldur Arnarsson, Sonja Prunnbauer and Enno Voorhorst, with whom he attained his Master's degree from the Royal Conservatory of The Hague. Besides performing in concerts in Iceland and abroad, Svanur teaches the classical guitar at the Iceland University of the Arts.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana*
*The Museum café is open after the concert*
*Tónlistarsjóður styrkir Sumartónleika LSÓ*